

133
21. ágúst

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 50. tbl. Lögbirtingablaðsins, um fyriræli brezku flotastjórnarinnar um endurnýjun ferðaskírteina skipa.

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslenzku ríkisstjórninni, að nauðsynlegt sé, að öll íslensk skip, 10 til 750 smál. að stærð, fái endurnýjuð eins fljótt og hægt er eftir 1. september 1943, ferðaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skírteini þessi verða afgreidd sem hér segir: Í Reykjavík hjá brezka aðalkonsúlnum, á Akureyri hjá brezka vice-konsúlnum, á Seyðisfirði hjá brezku flotastjórninni og í Vestmannaeyjum hjá brezka vice-konsúlnum.

134
24. maí

REGLUGERÐ

um opinber reikningsskil útsendra fulltrúa Íslands.

1. gr.

Allir útsendir fulltrúar, sendiherrar, sendifulltrúar og ræðismenn, sem hér eftir verða nefndir reikningshaldarar, skulu ársfjórðungslega gera utanríkisráðuneytinu grein fyrir fé því, sem þeim er trúað fyrir af hálfu ríkissjóðs eða annarra.

2. gr.

Allir reikningshaldarar skulu halda dagbók og færa hana eftir reglum um tvöfalda bókfærslu.

Dagbók þessi skal færð eftir fyrirmynd þeirri, sem fylgir reglugerð þessari.

Í dagbók eru fimm reikningar:

Sjóðreikningur. Í hann skal færa reiðufé allt, sem greitt er eða veitt er viðtaka á.

Bankareikningur. Í hann skal færa allt fé, sem lagt er í banka eða ávísað er á bankainnistæður eða hafið á annan hátt.

Skrifstofureikningur. Í hann skal eingöngu færa þær greiðslur, sem viðkoma embættisskrifstofu reikningshaldara. Með þessum reikningi skal fylgja sérstakur listi, þar sem gjöldin eru sundurliðuð í aðalatriðum í samræmi við fyrirmynd þá, sem sýnd er á fylgiskjali I.

Tekjur í ríkissjóð samkvæmt reglugerð um gjöld til utanríkisráðuneytisins skulu og færðar á þennan reikning og sundurliðuðar í aðalatriðum eins og fyrirmyndin á fylgiskjali I sýnir.

Viðskiptamannareikningur. Í þennan reikning skal færa:

1. lán, sem veitt eru til bráðabirgða nauðstöddum íslenskum ríkisborgurum;
2. greiðslur vegna ríkisstofnana, einstaklinga eða einkafyrirtækja.

Er þá gert ráð fyrir, að slíkar greiðslur séu endurgreiddar reikningshaldara. Þegar sýnt þykir, að fjárhæðir, sem þannig hafa verið færðar, verði ekki endurgreiddar, eða óskað er eftir, að þær verði greiddar eða innheimtar á Íslandi, skulu þær færðar út af þessum reikningi og yfir á ríkissjóðsreikning.

Með reikningi þessum skal alltaf fylgja listi, er sýni skuld eða innistæðu hvers viðskiptamanns við lok hvern ársfjórðungslegrar uppgerðar. Þess skal jafnan gætt, að mismunur skulda og innistæðna sé eins og lokun sama reiknings í dagbók sýnir. Skal listi þessi gerður eftir fyrirmynd þeirri, sem sýnd er sem fylgiskjal II.